

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur í samræmi við 25. og 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt eftirtaldar deiliskipulagsáætlanir og breytingar á deiliskipulagi:

*Frístundalóð við Silungatjörn, landnúmer 125163.*

Nýtt deiliskipulag sem heimilar að á lóðinni, sem er um 0,47 ha að stærð, megi reisa nýtt frístundahús í tengslum við eldra hús, þannig að frístundahús verði samtals allt að 110 m<sup>2</sup> að stærð auk 20 m<sup>2</sup> geymsluhúss. Samþykkt skv. 25. gr. 10. febrúar 2010.

*Frístundalóð norðan Hafravatns, landnúmer 125506.*

Nýtt deiliskipulag sem heimilar að á lóðinni, sem er um 1 ha að stærð, megi reisa nýtt frístundahús í stað eldra húss, allt að 70 m<sup>2</sup> að stærð auk 20 m<sup>2</sup> geymsluhúss. Samþykkt skv. 25. gr. 10. febrúar 2010.

*6 frístundalóðir norður af Selvatni.*

Nýtt deiliskipulag. Skipulagssvæðið er um 10,5 ha að stærð, og skiptist skv. skipulaginu í 6 lóðir, frá 0,43 til 3,82 ha að stærð. Á hverri lóð má reisa frístundahús allt að 100 m<sup>2</sup> að stærð auk 10 m<sup>2</sup> geymsluhúss innan sama byggingarreits. Samþykkt skv. 25. gr. 21. janúar 2009.

*Frístundalóðir norður af Silungatjörn.*

Breyting á deiliskipulagi frá 2003 fyrir lóð nr. 178678, sem liggur að Seljadalsá, norðan Silungatjarnar. Skipulagssvæðið stækkar og tekur einnig til næstu lóðar austan við, sem skipt er í tvær lóðir. Á hverri þessara þriggja lóða má reisa frístundahús og geymsluhús, samtals allt að 130 m<sup>2</sup> að gólfleti. Samþykkt skv. 1. mgr. 26. gr. 10. febrúar 2010.

*Reykjavegur 36 (lóð Ísfugls).*

Breytingar á deiliskipulagi, áður breyttu árið 2005. Lögun lóðarinnar breytist og hún minnkar um 750 m<sup>2</sup>, byggingarreitur stækkar og leyft nýtingarhlutfall hækkar úr 0,30 í 0,39. Samþykkt skv. 1. mgr. 26. gr. 27. janúar 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og breytingar á deiliskipulagi hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 10. mars 2010,*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. mars 2010